

Ed.

156. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila sérálitum.

Meiri hl. n. telur, að miðað við núverandi aðstæður í íslenzku efnahagslífi beri brýna nauðsyn til þess, að gerðar verði ráðstafanir til þess að stöðva áframhaldandi vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags.

Meiri hl. fellst ekki á það sjónarmið andstæðinga frv., að samþykkt þess mundi rýra afkomu alls almennings í landinu, bæði atvinnurekenda og launþega. Þvert á móti telur meiri hl., að sé litið yfir tímabilið í heild, verði bæði afkoma atvinnuveganna og kaupmáttur launa meiri en vera mundi, ef ekkert væri aðhafzt. Visast í því efni til greinargerða þeirra, er ríkisstjórnin hefur lagt fram, bæði með sjálfu frv. og við umræður um það á Alþingi, en að öðru leyti verður afstaða meiri hl. skýrð í framsögu.

Meiri hl. telur rétt, að fram komi, að hann leggur þann skilning í 2. málsl. 1. málsgr. 5. gr., að þar sé aðeins um að ræða hámark þess, sem skerðing kaupgreiðslu-vísitölu má nema, þannig að skerðingin komi ekki að fullu til framkvæmda, nema munur kaupgreiðsluvísitölnunnar, eins og hún á að vera samkvæmt gildandi kjara-samningum og eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum frv. og þeim niðurgreiðslum, sem ákveðnar verða, nemi a. m. k. tveimur vísitölustigum.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Ólafur Björnsson,  
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,  
fundaskr.

Axel Jónsson.

Sveinn Guðmundsson.